


NÍÐURFELLING: SVÆÐISSKIPULAG - REYKJANESBÆR, SANDGERÐISBÆR, GERÐAHREPPUR, KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR 1995-2015



SKV. NÚGILDANDI SVÆÐISSKIPULAGI: SVÆÐISSKIPULAG - REYKJANESBÆR, SANDGERÐISBÆR, GERÐAHREPPUR, KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR 1995-2015



MYND A mkv. 1:70.000


Greinargerð

Inngangur

Núgildandi hávaðamörk Umhverfisstofnunar koma fram á svæðisskipulaginu: Svæðisskipulag – Reykjaneshalshöfn, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Keflavíkurlflugvöllur 1995 – 2015, staðfestu 22.2.2006, sjá mynd A. Annað á því svæðisskipulagi hefur verið felt úr gildi. Með niðurfellingu hávaðamarkalinnar eru því engin skipulagsákvæði eftir í svæðisskipulaginu og þar með ekki lagalegur grundvöllur fyrir tilvist þess og gengur tillagan út á að það verði felt niður. Nú er unnið að nýju Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024 og er stefnt að verkloum á því á næsta ári, 2010.

Rökstuðningur - forsendur og markmið

Sú hljóðlina sem er á núgildandi svæðisskipulagi 1995 – 2015 á ekki lengur við, m.a. vegna breyttrar flugumferðar og þróunar byggðar s.l. tvo áratugi. Þá hafa orðið þær breytingar að fyrrum varnarsvæði hefur verið fært í borgaraleg not, þ.e. svæði C, starfssvæði Þróunarfélags Keflavíkurlflugvallar og miðast hávaðamarkalína ekki lengur við alla þá umferð sem hlaut af þáverandi herflugvelli, sjá skýringarmynd B. Unnið er að endurskoðun Aðalskipulags Keflavíkurlflugvallar og Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar, ásamt því að endurskoðun Aðalskipulags Sveitarfélagsins Garðs stendur fyrir



SKÝRINGARMYND B mkv. 1:150.000

dyrum. Þá er stefnt er að auglýsingu Aðalskipulags Reykjaneshalshöfn 2008 – 2024 í maí mánuði n.k. Í öllum þessum skipulagsendurskoðunum er gert ráð fyrir að núgildandi hávaðamörk séu felld niður til samræmis við þessa tillögu að niðurfellingu á svæðisskipulaginu, í heild sinni og eru það forsendur þess að ljúka megi fyrrgreindum aðalskipulagsendurskoðunum og að þær hljóti staðfestingu. Ný hljóðvistarskýrsla, „Hljóðspor við Keflavíkurlflugvöll, október 2008“, hefur verið unnin af Verkfræðisstofnunni Eflu fyrir Flugmálastjórn Keflavíkurlflugvallar og Reykjaneshalshöfn. Þar kemur m.a. fram spá fyrir flugumferð á Keflavíkurlflugvelli til ársins 2021. Á skýringarmynd B eru sýnd hávaðamörk úr þeirri skýrslu, til skýringar. Mörkin sýna 65 db, sem er leyflegt hljóðstig við flugvelli, sbr. nýja „Reglugerð um hávaða, júlí 2008“.

„Úr umsögnum“

Samkvæmt umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 30. mars 2009, þurfa hávaðamörk að vera í sífelli endurskoðun vegna breytilegrar flugumferðar, með því að regluleg vöktun á hávaða fari fram. Samkvæmt umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, dags. 3. apríl 2009, þarf reglubundin kortlagning hávaða að eiga sér stað.

Samþykkt og staðfesting
Svæðisskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í samvinnunefnd þann _____ 2009.
Svæðisskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann _____ 2009.
Svæðisskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann _____ 2009.

NÍÐURFELLING SVÆÐISSKIPULAGS: SVÆÐISSKIPULAG - REYKJANESBÆR, SANDGERÐISBÆR, GERÐAHREPPUR, KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR 1995-2015
dags. 3.3.2009, uppfært 28.4.2009 skv. ábendingum Skipulagsstofnunar dags. 11.3.2009

SVEITARFÉLAGIÐ GARÐUR
GRINDAVÍKURBÆR
REYKJANESBÆR
SANDGERÐISBÆR
SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR
KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR OHF
VARNARMÁLSTOFNUN ISLANDS



VSÓ RÁÐGJÖF
sími: 585 9000

kanon
arkitektar

sími: 512 4200